



## Þegar brjóstabarn fer í verkfall.

Þegar barn skyndilega hafnar brjóstinu er það óskemmtileg upplifun fyrir móðurina og verður oft til þess að brjóstgjöf hættir löngu áður en það er tímabært. Þessu ferli barnsins hefur verið líkt við verkfall með þeim skilningi að barnið sé að gefa til kynna að það þurfi meira af einhverju. Þeir fullorðnu fara í verkfall til að knýja fram betri kjör og það sama gerir barnið. Hér á eftir koma þrjú lesendabréf sem La Leche League International gaf út.

Þegar M var 7 mánaða gamall tók hann allt í einu upp á því að hafna brjóstinu. Þetta gerðist skyndilega án þess að okkur hefði óráð fyrir því og ennþá höfum við ekki hugmynd um örsök þess. En nokkrar hugmyndir höfum við þó og ef til vill geta þær komið öðrum að gagni í svipuðum aðstæðum.

Vinir okkar í áhugafélagi um brjóstgjöf sem við leituum til, héldu því fram að 7 mánaða barn væri of ungt til að venja sig af brjósti. Með tilliti til þess urðum við að takast á við þetta vandamál. Hættumerki og breytur sem við áttuðum okkur á voru eftirfarandi:

1. Hann var kvefaður, hor í nefinu og ef til vill særindi í hálsi, en ekki eyrnabólga samkvæmt lækni skoðun.
2. Hann hafði bitið mig nokkrum sinnum og ég hafði þá kippt að mér vörtunni og sagt „nei“ Ég æpti aldrei né æsti mig upp en kveinkaði mér. Hann brosti þá verulega skringilega til mín og virtist um stund hissa.
3. Hann var greinilega að taka tennur, fékk tönn á þessu tímabili.
4. Hann var orðinn mjög fjörmikill, farinn að reisa sig upp og reyna að ganga með. Hann var mjög líflegt barn, vakti mikið og var mjög skynugur frá fræðingu. Það hafði alltaf verið erfitt að svæfa hann og þar af leiðandi fékk hann brjóstið oft.
5. Um það bil sem hann var 6 mánaða vorum við öll illa upp lögð höfðum kvefast illa M. þó minnst.

Nokkrar nætur höfðum við látið hann eiga sig þegar hann lét í sér heyra og biðum þess að hann sofnaði. En hann róaðist ekki og sofnaði ekki. Við gáfumst upp og höfum ekki reynt þetta aftur. Margir höfðu ráðlagt okkur að láta hann eiga sig þegar hann vaknaði á nóttunni, þá myndi hann venjast af þessu „ósið“. Við trúðum því svo sem að það myndi duga á endanum, en okkur fannst þetta ekki holl aðferð til að kenna honum að sofa. En við reyndum þetta og kunnum hafa komið honum úr jafnvægi með því.

Það er líklegt að honum hafi fundist sér hafnað þessar nætur þegar honum var ekki svarað og orðið honum áfall ásamt því hvernig ég brást við þegar hann beit mig. Þetta getur hafa orðið til þess að hann hafnaði brjóstinu svona eins og til að hlífa sér við óþægilegri upplifun, sérstaklega þar sem honum leið illa vegna tanntöku og kvefs.

Í hvert sinn þegar ég bauð honum brjóstið, beit hann eða stífnaði upp og varð ergilegur. Ég notaði mjaltavél til að létta á þrýstingnum í brjóstunum (mig hafði ekki óráð fyrir að ég hefði svona mikla mjólk). Ég gaf honum móðurmjólkina úr bolla og mjög útþynntan appelsínusafa. Hann tók vel við hvortveggja og virðist líka vel við bollann.

Á þessu tímabili fékk ég mikla uppörvun frá vinkonum mínum úr áhugafélagi um brjóstagjöf. Frá þeim kom t.d. hugmyndin um að gefa honum brjóstamjólk úr bolla. Ein þeirra ráðlagði mér að taka hann upp sofandi til að leggja á brjóst. En það var mjög erfitt að svæfa hann eftir að hann hætti að sofna við brjóstið og í fyrsta sinn sem ég reyndi að leggja hann sofandi á brjóst gekk það ekki. Ef til vill voru brjóstin á mér of þrútin af mjólk eða hann ekki almennilega sofnaður. En í næsta skipti gekk það. Ég sat með hann í ruggustól og hann saug í klukkutíma. Ég grét af létti. Seinna þennan sama dag, fjórða daginn, bauð ég honum brjóstið þegar hann var vakandi, en hann hafnaði því. Vinir mínir úr áhugafélaginu um brjóstagjöf ráðlögðu mér þá að gefa honum brjóstið þegar hann svæfi, þangað til að hann gæfi til kynna að hann vildi sjúga. Það hafði gengið vel að láta hann sjúga í svefninum og ég vildi allt til vinna til að fá brjóstabarnið mitt aftur. Þennan dag saug hann í daglúrnnum sínum og ég lét hann sofa í fanginu á mér. Ég vil taka fram að allan þennan tíma hélt ég mikið á honum svo hann hefði náði líkamlegt sambandi við mig. Það er jú svo mikilvægt. Í lok eins svefnis og gjafatímans gerði ég tilraun, og vakti hann blíðlega svo hann yrði þess ekki meðvitaði að hann væri að sjúga brjóstið og það var þá allt í lagi, hann vaknaði og brosti. Þetta kvöld reyndi ég að gefa honum vakandi. Hann beit og saug og virtist hafa takmarkaðan áhuga.

Næsta dag þáði hann brjóstið vakandi. Það virtist best að liggja útaf á meðan ég gaf honum. Mjólkinn hafði minnkað hjá mér og hann saug næstum hvíldarlaust allan þann dag. Hann var greinilega ánægðari og beit minna. Þegar hann beit brást ég þannig að ég setti fingurinn við munn hans þá hætti hann að bíta og hélt áfram að sjúga. Þannig fékk ég brjóstabarnið mitt aftur. En ég lít á þessa reynslu sem viðvörun.

Niðurstaða okkar:

M. var frá byrjun barn sem var lengi að sjúga. Hann gat haldið áfram tímanum saman m.a.s. eftir að hann var sofnaður. Hann þáði alltaf brjóstið þegar honum bauðst það. Áður en umrætt erfiðleikatímabil kom var ég vön að fjarlægja geirvörtuna úr munni hans eftir u.þ.b. 45 mín. til 1 klst, ef hann virtist sofnaður. Stundum vaknaði hann þá aftur og klemmdi gómunum saman utan um vörtuna áður en ég gat losað hann frá og ég lét hann þá sjúga áfram. Þetta gat hafa vanið hann á að bíta vegna þess að þannig gat hann haldið vörtunni. Þegar bitið bar ekki tilætlaðan árangur hefur hann orðið ruglaður í ríminu, M. er sem betur fer og hefur alltaf verið mjög krefjandi barn, andstæðan við dauferð börn. Þetta er fyrsta barnið okkar og við megum teljast heppin að eiga barn sem getur tjáð þarfir sínar að vissu marki og gefið til kynna þegar eitthvað er að.



Að hafna brjóstinu getur verið til að gefa til kynna á sem skýrastan hátt óánægju. Ungbarn hefur ekki marga möguleika til að tjá sig með og verður að nota það sem það hefur yfir að ráða til að komast af. Það er umbun fólgin í því að finna að barnið okkar býr yfir því öryggi og trúnaðartrausti að það getur gert kröfur til okkar. Við reynum að styrkja það í því með að uppfylla þarfir þess með ástúð og umhyggju. Það er ekki nóg að þykja vænt um barnið sitt, það verður að finna fyrir væntumþykju okkar á áþreifanlegan hátt, í öllu sem við gerum fyrir það.

Þegar D var 4 ½ mánaða gömul, tók hún allt í einu upp á því að hafna brjóstinu. Ég var sem betur fer viss um að hún væri of ung til að hætta á brjósti. Hefði hún verið 8-9 mánaða gömul hefði ég álitnið að hún væri að venja sig af brjóstinu.

Hún hafði fengið fasta fæðu í u.þ.b. 4 vikur, en ekki verið dugleg að borða. Þegar ég eignast næsta barn vil ég ekki byrja svo snemma á fastri fæðu, mér er það ljóst nú. Sennilega hefur D. verið að ganga í gegnum eitthvert óvæðar tímabil sem ekki hefur verið tengt neinni aukinni fæðubörf, en ég ályktaði alltaf að hún væri svöng ef hún grét án nokkurrar sýnilegrar ástæðu og hefði ekki fengið næga mjólk.

Hún svaf minna en áður og það var engin regla komin á svefntíma hennar. Hún var meira meðvituð um hluti í kringum sig, þ.á.m. 2ja ára bróður sinn og það hélt henni vakandi yfir daginn. En til að kóróna allt og þrátt fyrir allt sem ég hafði lært á fundum áhugafélags um brjóstagjöf, var ég farið að gefa henni pela í staðinn fyrir brjóst 3svar á dag í hugsunarleysi. (Eldra barnið mitt var pelabarn). Mig var farið að langa svo til að komast út á meðal fólks og geta þá treyst því að hún svæfi á vissum tímum. Þegar bið varð á því að hún passaði inn í mína áætlun, fór ég að fara frá henni nokkrum sinnum í viku og pabbi hennar gaf henni pela á meðan ef hún virtist svöng. Þetta virtist svo upplagt fyrirkomulag og ég sagði við sjálfan mig. „Ég verð að komast frá“

Þegar hún drakk hjá mér á daginn var ég vön að stinga upp í hana snuði um leið og hún var orðin syfjuð og leggja hana. Ég sagði við sjálfa mig að nú hefði hún fengið sína mjólk og vildi bara sjúga. „Verð að ljúka upphvottinum.“ Brátt fór þessi stutti gjafatími og pelagjafir að hafa sín áhrif, mjólkinn minnkaði hjá mér. Þá var það sem D. ákvað að hafna brjóstinu. Hún grét og stífnaði upp þegar ég lagði hana á brjóst. Ég vissi að hún var svöng, en varð fljótlega ljóst að hún ætlaði ekki að seðja hungur sitt við brjóstið. Hér varð ég miður mín. Ég bað pabba hennar að gefa henni pelann og fór beint í símann til að ná sambandi við ráðgjafa um brjóstagjöf. Það var runnið upp fyrir mér að ég vildi ekki að D. hætti á brjósti.



Hér koma ráðin sem ég fékk:

Auka mjólkina hratt

Pumpa eða mjólka úr brjóstunum eins oft og mögulegt er, ef barnið vill ekki sjúga oft.

Drekka nóg af vökvá.

Taka inn mjólkuraukandi töflur.

Gefa barninu brjóstið þegar það sefur eða gangandi með það um gólf.

Gefa brjóstið oft ef barnið tekur það t.d. á 1 ½ klukkustunda fresti.

Ekki gefa pela a.m.k. ekki í bili.

Draga úr fastri fæðu.

Gera sér ljóst að a.m.k. 2 miklir annadagar eru framundan helgaðir brjóstabarninu. Vera með barnið í fanginu eins mikið og hægt er og láta það njóta míns líkamlegs sambands.

Og síðan en ekki síst og það er ráðlegging af því tagi sem gerir ráðgjafa um brjóstagið svo vinsælan: haltu þér við efnið, þú ert fær um þetta, slappaðu af, líttu á björtu hliðarnar og hringdu aftur í mig ef þú þarft á því að halda.

Hvort sem þið trúði því eða ekki, þá gerði ég allt sem hún hafði sagt mér að gera. Aðalmálið var að fá hana til að sjúga brjóstið. Ég svæfði hana oftast með því að halda á henni uppréttri með höfuð hennar á öxl minni, því hún fékkst ekki einu sinni til að liggja í brjóstagjafastellingunni. Um leið og hún var sofnuð lagðist ég fyrir með hana og hún saug þá brjóstið í svefninum. Í þrjá daga gaf ég henni brjóstið einungis á meðan hún svaf. Ég bauð henni það vakandi en lagði aldrei að henni með það. Hún saug vel og lengi á morgnana þegar hún var syfjuð. Ég lét bróður hennar sofa miðdagslúrin sinn eftir hádegi og gaf K. Brjóstið útaf-liggjandi á meðan hún svaf sinn dúr. Þá drakk hún mjög vel og einnig á kvöldin eftir að hún var sofnuð.

Mjólkurmagnið jókst stórlega hjá mér og barnið mitt fékk aftur áhuga á brjóstagið. Hún fór smámsaman að þiggja brjóstið þegar hún var vakandi en vildi helst liggja útaf með mér þegar hún drakk og vill ennþá. Hún vill drekka sitjandi í kjöltu minni einungis ef við erum annarsstaðar en heima eða ef hún er sofandi.

Mér var ekki ljóst fyrr en um seinan að ég hafði verið að reyna að þvinga barnið til ákveðinnar tímareglu. Nú hef ég látið að því og slappa af og læt klukkuna ekki segja mér til um hvenær eða hvort barnið eigi að fá mat. Pelarnir eru komnir í geymsluna, snuðin sömuleiðis (hún vill þau ekki lengur). D ákveður sína matmálistíma sjálf og við erum núna ánægðar báðar og njótum sambandsins sem brjóstagið veitir.

Ég nota tímann sem bróðir hennar sefur dagdúrin sinn áfram til þess að leyfa henni að vera lengi við brjóstið, þar sem ég á ekki auðvelt með að leyfa henni að totta brjóstið þegar hann er vakandi, því þá þarf hann oft á mér að halda. Ég reyni að gæta þess að fjárlægja ekki geirvörtuna úr munni hennar fyrr en hún er alveg sofnuð og þá sefur hún nær alltaf vært áfram.

Eftir vel heppnaða brjóstagið í 5 1/2 mánuð hætti H. Allt í einu að vilja brjóstið. Eftir að hafa ráðfært mig við brjóstagjafará-gjafa, fór ég að gefa honum brjóstið þegar hann var næstum sofnaður og á nóttunni, en vandamálið var ekki úr sögunni fyrr en ég áttaði mig á orsökinni. Tvö eldri börnin mín 4 ára og 2 ½ árs höfðu tekið upp á því að notfæra sér tækifærið þegar ég var bundin við að gefa brjóstið til að óþekktast. Þau vissu að ég gat þá ekki náð til þeirra og lét mér nægja að kalla til þeirra hvössum rómi. En H. tók þetta til sín líka og hætti við sitt. Vandamálið var leyst með því að sjá eldri börnunum fyrir áhugaverðum leik t.d. litabók, á meðan ég dró mig í hlé með H. til að gefa brjóstið.

Ég vandi hann smám saman við hávaðann utan frá og nú er hann ánægður með brjóstið aftur. Að auki uppgötvaði ég að söngur dró athygli hans að mér og frá hávaðanum. Núna byrjar H. að sjúga brjóstið hinn ánægðasti, um leið og ég byrja að syngja.

Fræðslurit gefið út af La Leche League International.

Grein þessi birtist áður í Mjólkurpóstinum tímarit áhugafélags um brjóstagið.